


Stafræn samfélög

Stafræn hæfni og færni samfélaga á landsbyggðinni



DIGITAL COMMUNITIES

Verkþáttur 1:

Fyrsta verkþætti *Stafrænna Samfélaga* er nú að ljúka og hafa samstarfsaðilar verkefnisins skilað inn gögnum og úrvinnslu frá rannsóknarvinnu sinni, bæði fræðilegri og verklegri. Fræðilegi þátturinn tekur saman greiningu á opinberri stafrænni þjónustu í þáttökulöndunum en verklegi þátturinn fólst í vettvangsrannsóknum til greiningar á þeirri stafrænni þjónustu sem eldri borgarar telja sig þurfa fræðslu um. Alls svöruðu 149 eldri borgarar og 78 leiðbeinendur/umönnunaraðilar spurningarkönnun verkefnisins, eða samtals 227 einstaklingar, og er það langt umfram væntingar verkefnastjóra. Tilgangur spurningalistanna var að meta hvaða stafrænu þjónustu eldri borgarar og leiðbeinendur þeirra töldu sig þurfa að öðlast betri hæfni á, sér til gagns og gamans.

Heilbrigðisþjónusta og þjónusta tengd félagslífi voru efst á lista hjá báðum hópum. Mögulega hefur sjálfseinangrunar vegna Kórónuveirunnar haft áhrif á mat einstaklinga fyrir þörf á þjónustu á netinu og aukinni hæfni til að nýta sér slíka þjónustu. Hvort sem er til að hafa aðgang að nauðsynlegri þjónustu eða rækta áhugamál.

Næstu skref verkefnisins eru:

- Stuttmyndbönd: Gerð verða fimm kennslumyndbönd fyrir eldri borgara, byggt á niðurstöðum spurningakönnunarinnar til að aðstoða einstaklinga við að nýta sér þjónustu á netinu.
- Sjónrænir vegvísar: Gerðir verða tíu vegvísar um vefsíður sem valdar voru af eldri borgurum sem munu leiða einstaklinga skref fyrir skref í gegnum þjónustu vefsíðanna.

Allar afurðir og upplýsingar um verkefnið, *Stafræn samfélög*, verða gerðar aðgengilegar á vefsíðu verkefnisins: www.digital-communities.eu.

Samstarfsaðilar:

Nýheimar þekkingasetur, Ísland
www.nyheimar.is

Institute for training of
personnel in international
organizations (ITPIO), Búlgaría
www.itpio.eu

Þekkingarnet Þingeyinga,
Ísland
www.hac.is

Inthecity Project Development,
Holland
www.inthecitystudio.com

Halsinglands
Utbildningsförbund, Svíþjóð
www.hufb.se

STP Consulting, S.L, Spánn
<https://www.facebook.com/Stp.europa>

Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar og framkvæmdastjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar.



Erasmus+